

Mál nr 36/2017

Ár 2018, þriðjudaginn 30. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 36/2017

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 14. desember 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði X hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann A við tíkina B án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 16. mars 2018 og honum gefinn frestur til 13. apríl til að skila inn andmælum. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærða send ítrekun með bréfi dagsettu 13. september þar sem gefinn var viðbótarsvarfrestur til 23. september. Kærði svaraði því ekki heldur og þar eð siðanefnd taldi útséð um að kærði myndi skýra sitt mál þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirliggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var rakkinn A paraður við tíkina B hinn 11. febrúar 2017. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af kyninu Siberian Husky og er rakkinn í eigu kærða. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði hefur ekki haldið uppi vörnum í málinu né á neinn hátt reynt að koma fram með skýringar á málinu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Siberian Husky:

„Augnvottorð: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Vottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Rakkinn hefur nú verið augnskoðaður og staðist skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð.

Þar eð kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins þá telur siðanefnd hæfilegt að áminn kærða.

IV. Niðurstaða.

Kærði; X telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Fjóla Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir